

Nd.

## 954. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 937 (Almannatryggingar).

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 10. lið. Liðurinn orðist svo:

Við 107. gr. Greinin orðist svo:

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Kvaentir karlar .....	kr. 120.00	á ári
Ókvæntir karlar .....	— 96.00 —	
Ógiftar konur .....	— 72.00 —	

Auk þessara iðgjalda skulu einstaklingar greiða árlega 1% af hreinum tekjum sínum að frádegnum kr. 3000.00 og persónugjaldi, er sé kr. 1200.00 fyrir hvern einstakling yfir 16 ára aldur og kr. 800.00 fyrir hvert barn, allt að við bættri hækkan samkvæmt visitölu kauplagsnefndar.

2. Við 11. lið. Liðurinn orðist svo:

Við 112. gr. Greinin orðist svo:

Hver sá, er hefur menn í þjónustu sinni, sem rétt eiga til slysabóta samkv.

45.—58. gr., skal greiða Tryggingastofnuninni 1% af þeirri upphæð, er hann greiðir í kaup til þessara manna umfram 10 þús. kr. á ári. Gjald þetta reiknast þó eigi af kaupi, er maður greiðir barni sínu, foreldri eða systkini.

3. Við 13. lið b. Í stað „sbr. 197. gr.“ komi: sbr. 107. og 112. gr.